

Nr. 031/14 Lundey NS 14***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 0155 IMO nr. 5247316
Smíðaður: Regensburg Þýskalandi 1960 strand
Stærð: 835,96 brl. 1423,89 bt.
Mesta lengd: 68,89 m Skráð lengd: 62,96 m
Breidd: 10,40 m Dýpt: 7,94 m
Vél: Wärtsila 4920 kW 1999
Fjöldi skipverja: 11



Lundey ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 16. apríl 2014 var Lundey á flottróllsveiðum djúpt S af Færeyjabanka. Veður: SV 10 m/sek.

Eftir að kastað hafði verið um 110 sml SV af Suðurey fóru þrjár skipverja að ganga frá leiðurum frammi á þilfarinu. Þegar sá fyrsti kom út úr ganginum fram á þilfarið hljóp hann fram á þilfarið því hann sá að það var að kom skvetta á skipið. Þá voru hinir tveir komir út um hurðina en sneru við inn aftur og ætluðu að bíða sjóinn af sér. Áður en sá seinni náði vinstri fætinum inn úr dyrunum skellti sjórinn hurðinni aftur og fóturinn varð á milli með þeim afleiðingum að hann hlaut opið beinbrot.

Trollið var híft strax og gert klárt til siglingar áleiðis til Færeyja. Skipstjóri hafði samband við Vaktstöð sigling (VSS) og bað um aðstoð við að koma slasaða á sjúkrahús. VSS hafði samband við Björgunarmiðstöðina í Þórshöfn sem sendi þyrlu til móts við skipið. Þar sem veður versnaði varð þyrlan frá að hverfa. Eftir að skipið kom undir Suðurey var slasaði hífður um borð í þyrluna og komið á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að gangurinn sem slasaði var að kom út úr nær frá framþilfari (forkanti) aftur á afturþilfar framan við nótaskúffu. Honum er lokað með hurðum að framan og aftan og eru þær alltaf hafðar lokaðar, nema þegar gengið er um þær, svo sjór komist ekki inn í ganginn. Ekki er klinka til að halda þessari hurð opinni enda ekki ætlast til þess og í þetta skipti hefði verulegur sjór komist inn í ganginn ef hurðin hefði staðið opin;

- að slasaði sagði að þegar hann var kominn út um hurðina hafi hann haldið henni opinni fyrir þann sem síðastur kom út. Hann sagðist þá hafa litið út á sjóinn og séð að fylla var að koma. Hann taldi því betra væri að vera innan dyra en þarna úti því ekki hafi verið víst hvoru megin borðstokks þeir hefðu lent að lokinni skvettunni. Félaginn var kominn aftur inn en hann sagðist ekki hafa verið búinn að ná vinstri fætinum inn fyrir þröskuldinn þegar skvettan skall á hurðinni;
- að slasaði sagðist halda fætinum en beinið gréri seint þar sem molast hefði úr sköflungnum og beinflísar tapast út um sárið.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að slasaði náði ekki að komast undan sjó sem reið yfir skipið.